

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið, þann 21. júlí 1980, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun í austurhluta Borgarmýrar, þannig að áður ráðgerð útivistarsvæði verði fyrir iðnað, vörugeymslur og verslun.

Framangreind breyting hefur verið samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 25. júlí 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglum um fjarskipti á skipum nr. 432 15. okt. 1979.**

1. gr.

Aftan við 4. gr. 1 komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau loðnuveiðiskip, sem falla undir 2. flokk og ekki hafa aðstöðu fyrir loftskeytamann, fá frest frá gildistöku reglugerðar þessarar til 31. desember 1980 til að koma upp loftskeytaklefa með tilheyrandi búnaði og ráða loftskeytamann.

Samgönguráðuneytið, 24. júlí 1980.

Steingrímur Hermannsson.

Ólafur S. Valdimarsson.